



Proskapjálfafélag
Íslands

**Aðalfundur
Proskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
18. apríl 2013**

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Sigríður Rut Hilmarsdóttir varaformaður, Friðþór Ingason ritari, Valborg Helgadóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Kristín J. Sigurjónsdóttir, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir og Þórunn Guðrún Einarsdóttir.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Sigríður Rut Hilmarsdóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð.

Kristín J. Sigurjónsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Þórunn Guðrún Einarsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Friðþór Ingason er tengiliður við Laganefnd.

Valborg Helgadóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir er fulltrúi í ritstjórn Netlu.

Anna Lilja Magnúsdóttir er tengiliður við Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, Útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Salóme Anna Þórisdóttir er fulltrúi ÞÍ í stjórn AIEJI og NFFS.

Guðlaug Valgeirsdóttir er formaður Starfsleyfisnefndar.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður í fullu starfi og framkvæmdastjóri í 60% starfi.

Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningar.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustaði.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og styrki til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir..
- Aðgang að sjóðum BHM (sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntasjóðir).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóð og fag- og fræðslusjóði (félagsmenn hjá sveitarfélögum).
- Félagið birtir atvinnulauglýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Færa bókhald fyrir sjóði félagsins og skrifstofuna.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.

- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða einstaka félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundi.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Ýmis vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 14 skipti. Auk þess hélt stjórn tvo vinnufundi um gerð handbókar fyrir félagið. Umfjöllunarefni stjórnar voru hefðbundin kjara-, fag- og rekstrarmál félagsins.

Starfsárið 2012 -2013

Sameiginlegur fundur með ráðum og nefndum var haldinn 23. apríl 2012 þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Bjarnhildur Ólafsdóttir (2011-2013)

Elva Ösp Ólafsdóttir (2012-2014)

Hildur Þórisdóttir (2012-2014)

Hrefna Þórarinsdóttir (2012-2014)

Ingibjörg E. Jóhannsdóttir (2012-2014)

Salóme Þórisdóttir (2012-2014)

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir (2011-2013)

Tengiliður vð stjórn: Kristín J. Sigurjónsdóttir(2012- 2013)

Kjörnefnd

Harpa María Pedersen (2012-2014)

Hrafnhildur Lára Þórðardóttir (2012-2014)

Rakel Ósk Eckard (2011-2013)

Þórdís Marteinsdóttir (2011-2013)

Þóroddur Þórarinsson (2011-2013)

Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Guðlaug Valgeirsdóttir (2012-2014)
Oddrún Ólafsdóttir (2012-2014)
Ólafur Garðar Rósinkarsson (2012-2014)
Sigríður Jónsdóttir (2011-2013)
S. Katrín Eyjólfsdóttir (2011-2013)
Tengiliður við stjórn: Friðþór Ingason(2012-2013)

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2010-2013)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2011-2014)
Signý Þórðardóttir (2012-2015)
Varamenn:
Friðrik Sigurðsson (2010-2013)
Hrefna Sigurðardóttir (2011-2014)
Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Útgáfuráð

Auður Kvaran (2012-2014)
Halldóra Kolka Ísberg (2012-2014)
Helga Elísabet Guðlaugsdóttir (2011-2013)
Kristbjörg Hjaltadóttir (2012-2014)
Kristrún Sigurjónsdóttir (2011-2013)
Sigurborg Örvarsdóttir (2011-2013)
Guðrún Stefánsdóttir frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfraðum
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Stéttarfélagar eru 619 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfraðum skráðu sig sem aukafélaga.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru alls fjórir á starfsárinu, þeir voru haldnir 7. maí 2012, 21. september 2012, 26. nóvember 2012 og 22. febrúar 2013 sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins
Þóranna Halldórsdóttir

Lækjarás/Lyngás
Bjarghildur Pálsdóttir

Landspítalinn
Guðbjört G Ingólfssdóttir

Bjarkarás/Vinnustofan Ás
Selma Hauksdóttir

Framhaldsskólar
Guðný Egilsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Guðrún Árnadóttir

Ás styrktarfélag/búseta
Nína Edda Skúladóttir

Hafnarfjörður
Sigrún Jónsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Ásta Loftsdóttir

Seltjarnarnesbær
Jóhanna Ósk Ólafsdóttir

Mosfellsbær
Gerður Pálsdóttir

Austurland
Elísabet Ósk Sigurðardóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Reykjavík-Velferðarsvið
Ólafía Magnea Hinriksdóttir

Norðurland vestra
Dóra Heiða Halldórsdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Arna Björg Arnardóttir

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Vesturland
Jórunn Petra Guðmundsdóttir

Klettaskóli
Jón Þórður Baldvinsson

Grunnskólar Akraness
Berglind Ósk Jóhannesdóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Bryndís Guðmundsdóttir

Vestfirðir
Arnheiður Jónsdóttir

Í júní 2012 var haldið boð fyrir útskriftanema og starfsmenn þroskajálfadeildar HÍ. Á þessum fundi voru nemar boðnir velkomnir í félagið og félagið kynnt.

Eins og undanfarin ár hefur formaður félagsins lagt áherslu á að funda með þroskajálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Markmiðið hefur verið að ná til sem flestra félaga og heyra hvernig gengur, kynna hvað er á döfinni og kynna sjóði BHM og svara spurningum. Fundirnir voru allnokkrir með trúnaðarmönnum og félagsmönnum eins og sjá má:

- Kópavogi 11. apríl 2012
- Reykjavík Velferðarsviði 12. apríl 2012
- Reykjavík Leikskólasviði 16. apríl 2012
- Selfoss 14. nóvember 2012
- Reyðarfjörður 15. nóvember 2012
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins 23. janúar 2013
- Akranes 14. febrúar 2013
- Sauðárkrókur 7. mars 2013
- Akureyri 7. mars 2013
- Reykjavík Velferðarsvið 16. apríl 2013

Fræðslufundur var haldinn 3. maí. Umfjöllunarefni fundarins var þjónusta fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þar með var efni málpings ÞÍ 2012 fylgt eftir með því að leita árangursríkra leiða og lausna fyrir börn. Á fundinum fluttu erindi Margrét Lísá Steingrímsdóttir,

forstöðuþroskaþjálfari Skammtímavistunar í Álfalandi og Sigurbjörg I. Friðriksdóttir, forstöðuþroskaþjálfari skammtímavistunar í Móafliot.

Í nóvember var haldið málþing á vegum Þroskaþjálfafélags Íslands og Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum sem bar yfirskriftina **Ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu**. Málþingið fjallaði um ný lög sem tóku gildi 1. júlí 2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk 2011 nr. 88. kafli V. Í þeim lögum tóku gildi með breytingum þann 1. október ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Hægt er að sjá löggin hér

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011088.html> Í málstofunni var gengið út frá lögunum og þýðingu þeirra í störfum þroskaþjálfara. Með framsögu fóru Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, Krístrún Sigurjónsdóttir forstöðuþroskaþjálfari, Rún Knútsdóttir lögfræðingur hjá Velferðarráðuneytinu og Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari. Málþingið var sérstaklega vel sótt. Vekjum sérstaklega athygli á sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu, sjá nánar hér <http://www.throska.is/?c=frettir&id=303&lid=&pid=&option=>

Starfsdagur voru haldnir 24. – 25. janúar í Reykjanesbæ. Yfirheiti þeirra var **Siðareglur og gildi í nútíma samfélagi. Er þörf á að endurskoða siðareglur þroskaþjálfara?** Ákveðið var að helga siðareglum félagsins starfsdaganna að þessu sinni. Í undirbúningi fyrir starfsdaganna var haldin fyrirlestraröð á haustönn, Ástríður Stefánsdóttir, læknir og siðfræðingur hélt þrjá fyrirlestra um hlutverk fagstétta og siðareglna. Dagskrá starfsdaganna var mjög fjölbreytt, hópavinna þar sem félagsmenn komu sínum hugmyndum á framfæri, fyrirlestrar voru frá þroskaþjálfum, heimspekingi og stjórn málafræðingi. Einnig voru farnar kynnisferðir um Reykjanesbæ. Yfir 100 þroskaþjálfar mættu á starfsdagana og voru flestir sammála um að þeir tókust vel. Í framhaldi af starfsdögunum eru aðilar úr fagraði ásamt fulltrúum siðanefndar, formanni og framkvæmdastjóra ÞÍ að vinna úr niðurstöðum starfsdaganna þar sem megináhersla er á að endurskoða nógildandi siðareglur. Formaður siðanefndar ÞÍ Árni Már Björnsson kemur til með að kynna stöðuna í þeirri vinnu á aðalfundinum.

Þann 1. mars var síðan haldið afar velheppnað málþing í samstarfi við Þroskahjálpar, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagráðgjafafélags Íslands undir yfirskriftinni *Heimili meira en hús*. Á málþingið mættu 350 manns. Málþingsgestir voru sammála um mikilvægi þess að í búsetuþjónustu er mikilvægt að vinna faglega og að hafa fagfólk starfandi í þeirri þjónustu.

Árið 2015 verður Þroskaþjálfafélag Íslands 50 ára, stjórn félagsins hefur skipað afmælisnefnd til að halda utan um skipulagningu afmælisársins. Nefndina skipa Bjargey Una Hinriksdóttir, Friðrik Sigurðsson, Guðrún Lilja Númadóttir, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, Hrönn Kristjánsdóttir, Kristjana Sigurðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og fyrir hönd stjórnar situr formaður félagsins í nefndinni. Afmælisnefndin hefur fundað nokkrum sinnum á árinu.

Á aðalfund 2012 var ákveðið að leita samninga við Þorvald Kristinsson rithöfund til að skrifa sögu Þroskaþjálfafélags Íslands. Samkomulag náðist við Þorvald og hóf hann störf á síðasta ári. Mun hann vinna við þetta verkefni í þrjú ár. Ef félagsmenn hafa frá einhverju athyglisverðu að segja má vinsamlega hafa samband við Þorvald Kristinsson í gegnum netfangið thorvaldur.kristins@simnet.is Kostnaður við bókina mun dreifast á þrjú ár.

Ný reglugerð

Ný reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, var undirrituð í velferðarráðuneytinu 11. desember 2011. Þroskaþjálfafélag Íslands gerði alvarlegar athugasemdir við notkun hugtaksins „sjúklingur“ í drögum að reglugerð þessari sem ætlað er að gilda um störf þroskaþjálfara, þann vettvang sem þeir starfar við og starfshætti stéttarinnar. Félagið gat með engu móti fallist á notkun þessa hugtaks þar sem það á svo sannarlega ekki við. Í lögum um þroskaþjálfara nr. 18/1978 og reglugerð nr. 215/1987 um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfara, kemur hvergi fyrir orðið „sjúklingur“ heldur skírskotað til fatlaðs fólks sem þjónustunotenda. Hugtakanotkun, sem styður sjúklingavæðingu fatlaðs fólks samrýmist ekki siðareglum eða starfskenningum þroskaþjálfara. Þroskaþjálfafélagið sendi inn ýtarlega umsögn þar sem þessi gagnrýni kom fram. Tekið var tillit til gagnrýni ÞÍ og önnur orðanotkun var sett inn í reglugerðina á þeim stöðum sem hægt var. Stjórn félagsins var nokkuð sátt við þann árangur sem náðist í þeirri vinnu. Stjórnfélagsins hélt félagsfund áður en umsögn var send til velferðarráðuneytisins.

Erlent samstarf

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtök norrænna þroskaþjálfara. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári eða 2012 hélt Danmörk utan um fundina og voru haldnir tveir fundir, einn í Færeyjum og annar í Kaupmannahöfn, félagið sendi einn fulltrúa á hvorn fund.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að verkefninu *Barnasáttmálinn og þroskaþjálfun* eða socialpædagogikken. Í því verkefni er lögð áhersla á að við sem fagmenn vinnum eftir Barnasáttmálanum og að hann verði hluti af okkar daglegu vinnu. Áherslan er á vinnu með börn sem hefur verið komið fyrir á öðrum heimilum eða stofnunum og börn með félagslega erfiðleika og erfiðar heimilisaðstæður.

Í verkefninu er m.a. lögð áhersla á:

- Að réttindi barna eins og þau koma fram í Barnasáttmálanum eigi að endurspeglast í lögum og stjórnsýslu þjóðfélaga.
- Að réttur barna sem tekin eru úr umsjón foreldra sé lagalega tryggður.
- Að öll Norðurlöndin hafi Umboðsmann barna, til að vinna að bættum hag þeirra og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi.

Verkefnið er á heimasíðu félagsins www.throska.is undir *erlent samstarf*. Verkefnið er á dönsku, ensku og á íslensku. Þroskaþjálfafélagið fékk styrk frá Innanríkisráðuneytinu til að þýða verkefnið yfir á íslensku.

Einnig hafa verið sameiginlegir fundir með Nordiske sosionomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norrænna samtaka félagsráðgjafa og Nordisk forum for sosialpedagoger (NFFS) norrænna samtaka þroskaþjálfara.

Félagið hefur átt fulltrúa AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi. Salóme Þórisdóttir hefur verið fulltrúi félagsins í stjórn AIEJI síðustu ár og þakkar félagið henni fyrir vel unnin störf á þeim vettvangi.

Alþjóðlega ráðstefna samtakanna var haldin í Lúxemborg 2. til 5. apríl 2013. Ráðstefnan var vel sótt eða af yfir 400 manns, frá Íslandi mættu 16 þroskaþjálfar og hélt Kristín Lilliendahl þroskaþjálfari erindi á ráðstefnunni. Til að fræðast frekar um þessi samtök er félagsmönnum bent á heimasíðu samtakanna www.aieji.net

Stjórn félagsins hefur verið að vinna að handbók fyrir félagið. Bókin er hugsuð sem uppflettirit fyrir alla félagsmenn en sér í lagi fyrir þá félagsmenn sem starfa í stjórn, ráðum og nefndum ÞÍ. Markmið handbókarinnar er að vera leiðbeinandi og gefa upplýsingar um starf ÞÍ, bæði hvað varðar stéttarfélags- sem og faghluta félagsins. Mikilvægt er að bókin verði lifandi plagg og aðgengilegt á heimasíðu ÞÍ.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. ÞÍ hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Kjaramálin

Fundað hefur verið reglulega í samstarfsnefndum Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæði varðandi þau mál sem skotið hefur verið til nefndarinnar og eins vegna bókana varðandi þroskaþjálfara í grunnskólum og svo launaþróun forstöðumanna. Einnig um bókun 2 varðandi hæfnismat þar sem Mannauðskrifstofa Reykjavíkurborgar vinni greinagerð fyrir samstarfsnefnd um hæfnismat og kynhlutalaus hæfnismatskerfi.

Auk þess hefur verið unnið í samstarfi við aðildarfélögin innan BHM í bókun 1 í ríkiskjarasamningi. Skipt hefur verið upp í starfshópa til að gera kerfisgreiningu. Samningsaðilar áttu að taka álit starfshópsins sameiginlega til umfjöllunar og leggja fram framkvæmdaáætlun og tillögu um fyrstu aðgerðir í síðasta lagi 15. maí 2012. Þessar tillögur hafa ekki enn verið lagðar fram.

Í febrúar var undirritað samkomulag um breytingar á kjarasamningi við ríkið, sveitafélög og Reykjavíkurborg. Í samkomulaginu felst að samningstíminn er stytur um tvo mánuði og rennur út þann 31. janúar 2014.

Mínum á að alla kjarasamningar má finna á heimasíðu félagsins og mikilvægi þess að kunna að lesa sinn kjarasamning.

Stefna BHM 2013

Á formannafundi BHM í mars 2013 voru kynntar stefnur BHM, eiga þær að vera gott verkfæri til að styðja við málflutning bandalagsins. Markmiðið er að stefnan verði lögð fram og samþykkt á aðalfundi sem haldinn verður 17. maí n.k.

Menntamál

Nútímasamfélög krefjast háskólamenntunar á öllum sviðum enda er hún forsenda almennra efnahagslegra og félagslegra framfara.

BHM er heildarsamtök háskólamenntaðs fólks sem hefur að baki fjölbreytta reynslu og býr yfir margvíslegri fagþekkingu. BHM vinnur að því að miðla sýn sinni í menntamálum til stjórnvalda og telur brýnt að koma að opinberri stefnumótun í málaflokknum.

Stefna BHM í menntamálum er að efla tengsl menntakerfis og vinnumarkaðar. Til að tryggja samkeppnishæfi þjóðarinnar þarf að lyfta menntunarstigi hennar enn frekar og bæta aðgengi að fjölbreyttri menntun í hæsta gæðaflokki.

- Styrkur íslenska menntakerfisins liggur meðal annars í því hve opið það er. Mikilvægt er að standa vörð um aðgengi allra að háskólanámi, grunn-, framhalds- og símenntun óháð búsetu og efnahag.
- Sífelld skal leita nýrra leiða til að greiða aðgang að fjölbreyttu háskólanámi, hérlendis og erlendis, til dæmis með fjárhagslegum stuðningi, upplýsingagjöf og ráðgjöf alla starfsævina.
- Styttu þarf námstíma að fyrstu háskólagráðu, með breytingum í grunn- eða framhaldsskólum.
- Tryggja þarf fjármagn til rannsókna og nýsköpunar um leið og fylgst er skipulega með gæðum náms.
- Kjör háskólamenntaðs fólks á vinnumarkaði verða að endurspegla víðtæka fjárfestingu þess í menntun.
- Sérstaklega skal gæta að því að áhrif kreppu eða efnahagslegra þrenginga komi ekki niður á háskólamenntun.
- Atgervisflótti háskólamenntaðra af íslenskum vinnumarkaði er viðvarandi ógn og ítrustu árvekni skal gætt til að forðast hann.

Launamál

Mikilvægi menntunar og fagmennsku er almennt viðurkennt á vinnumarkaði.

Háskólamenntaðir eru ört vaxandi hópur á íslenskum vinnumarkaði og brýnt er að tekið sé tillit til þess við stefnumótun í kjaramálum á öllum sviðum íslensks vinnumarkaðar.

Sem heildarsamtök háskólamenntaðra á öllum sviðum íslensks vinnumarkaðar á Bandalag háskólamanna samstarf við stjórnvöld og aðra aðila vinnumarkaðar við stefnumótun í kjara- og samningamálum.

Kjarasamningar aðildarféлага BHM spanna öll svið vinnumarkaðarins og endurspegla það meginmarkmið BHM að fjölbreytt launakerfi byggji á málefnalegu mati og jafnrétti og vinni gegn fákeppni. Hlutverk BHM er að stuðla að víðtækri þekkingu aðildarféлага og félagsmanna þeirra á kjaramálum og styðja kjarabaráttu þeirra.

Launastefna BHM byggir á sterkum innbyrðis tengslum milli aðildarféлага, öflugri hagfræði- og gagnavinnslu, alþjóðlegu samstarfi og samskiptum við stúdentasamfélagið.

- Stefna BHM er að íslenskur vinnumarkaður sé samkeppnishæfur og laði til sín vel menntað vinnuafli á opnum alþjóðlegum vinnumarkaði.
- BHM leggur áherslu á að fjölbreytt og alþjóðleg menntun og sterk fagvitund sé styrkur á vinnumarkaði og að það skuli endurspeglast í launakjörum.
- Launasetning þarf að taka tillit til kostnaðar við námsöflun þannig að fjárfesting einstaklinga í menntun sé ekki íþyngjandi.
- Koma verður í veg fyrir að hækkandi menntunarstig hafi í för með sér gjaldfellingu á störfum háskólamenntaðra.

- BHM leggur áherslu á að í landinu sé stöðugt efnahagsástand sem byggir á langtíma stefnumótun. Með því að draga úr hagsveiflum og óstöðugleika má þróa heilbrigðan og framsækinn vinnumarkað.

Jafnréttismál

Jafnrétti er sameiginlegur hagur allra. Í því felst að allir njóti jafnra möguleika til menntunar, starfs, starfsframa, launa, ævitekna, réttinda og lífeyriskjara. Brýnt er að staða kynjanna sé jöfn á öllum sviðum atvinnulífs sem og þátttaka beggja kynja sé virk á öllum stigum ákvarðanatöku. Jafnrétti er eitt af meginmarkmiðum BHM.

- BHM krefst þess að verðmat starfa sé ekki kynbundið og að kynbundnum launamun verði eytt.
- BHM skal hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllu starfi sínu, þar með talið við gerð kjarasamninga. Reglulega þarf að rýna innihald og uppbyggingu kjarasamninga með tilliti til þess hvort virkni þeirra tryggir jafnrétti eins og að var stefnt við gerð þeirra.
- BHM leggur áherslu á að birting kjara- og launagagna taki alltaf tillit til kyns og að sátt náist um það hvernig lagt skuli mat á launamun, þannig að samiburður á launakjörum á vinnumarkaði sé raunhæfur.
- BHM og aðildarfélag þess skulu halda kynjabókhald um starfsemi sína.
- BHM gerir þá kröfu að opinber gögn séu kyngreind, þannig að hægt sé með samfelldum og skilvirkum hætti að fylgjast með og bera saman stöðu kynjanna og bregðast við ef mælingar sýna mismunun.
- BHM vill að jafnrétti sé kennt, ástundað og sýnilegt í starfi á öllum stigum menntakerfisins. Einkum er mikilvægt að möguleikar til að stunda rannsóknir séu jafnir, bæði með tilliti til aðstöðu og fjármagns.
- BHM leggur áherslu á að jafnrétti kynjanna sé skoðað í samhengi við aðra þætti sem valdið geta mismunun, svo sem uppruna, atgervi, aldur og þjóðfélagsstöðu til að unnt sé að fylgjast með mögulegri skörun jafnréttissjónarmiða og annarra mismununarsjónarmiða.
- BHM gerir þá kröfu að jafnrétti sé grundvallarþáttur í öllu íslensku samfélagi. Vinnumarkaður, skóli, opinber umgjörð og nærþjónusta sveitarfélaga styðji markmið um jafnrétti, til dæmis með tilliti til frídaga skólabarna og réttinda í fæðingarorlofi. Fjölskylduvænt samfélag byggist á jafnrétti.

Lífeyrismál

Bandalag háskólamanna vakir yfir lífeyrisréttindum félagsmanna. BHM hefur þá stefnu að vinnumarkaðstengd réttindi í landinu skuli vera þau sömu óháð því hvar launafólk starfar. Sú stefna byggir á þeirri forsendu að háskólamenntaðir sérfræðingar hafi frelsi til að velja sér starfsvettvang eftir því hvar þekking þeirra og reynsla fær notið sín og séu ekki bundnir hjá tilteknum vinnuveitanda vegna réttindamála.

BHM vill stuðla að sátt um framtíðarskipan lífeyrismála og telur æskilegt að með tímanum verði til eitt samræmt lífeyriskerfi sem:

- Samræmir réttindi milli ólíkra sjóða
- Tekur tillit til hækkandi aldurs þjóðarinnar
- Virðir þá staðreynd að lífeyriskjör eru hluti af starfskjörum
- Hefur ekki í för með sér skerðingu á þegar áunnum réttindum
- Er hagkvæmt í rekstri

- Tryggir betri aðkomu sjóðfélaga í stjórnnum sjóðanna en nú er
 - Tryggir viðunandi afkomu lífeyrisþega án óhóflegra skerðinga í almannatryggingakerfinu
- BHM áréttar að meginhlutverk lífeyrissjóða er að greiða sjóðfélögum lífeyri, ekki að vera handraði fyrir stjórnvöld eða aðila vinnumarkaðar. BHM mælist til þess að lífeyrissjóðir komi sér upp fjárfestingarviðmiðum og að stjórnvöld geri það kleift að hægt sé að ávaxta sjóðina með viðunandi hætti.
 - Lægri laun opinberra starfsmanna hafa jafnan verið réttlætt og bætt að nokkru með betri lífeyrisréttindum. BHM lítur á lífeyrisskuld hins opinbera sem launaskuld. BHM krefst þess að ríki og sveitarfélög standi að fullu við skuldbindingar sínar í þessu efni.
 - BHM krefst þess að iðgjald launagreiðanda í A-deild LSR verði hækkað þannig að það standi að fullu undir lögbundnum réttindum um lífeyri. Forsendur fyrir upptöku nýs samræmds lífeyriskerfis gagnvart opinberum starfsmönnum eru:
 - Að staðið verði að fullu við núverandi lífeyrisskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum B-deildar LSR hvort sem þeir hafa hafið töku lífeyris eða ekki
 - Að tryggt verði að lögbundin réttindi í A-deild LSR og sammingsbundin réttindi í LSS haldist óbreytt og að þeir sem eru í þessum sjóðum nú eigi rétt á að vera þar áfram með óbreyttum kjörum
 - Sá munur sem kann að verða á núverandi kerfi og nýju lífeyriskerfi verði bættur að fullu í launum. Brýnt er að viðhalda trúnaði stjórnar lífeyrissjóða og sjóðfélaga. Með það að markmiði veitir BHM fulltrúum sínum í stjórnnum lífeyrissjóða stuðning og aðhald með virkri umræðu og málefnavarfi innan bandalagsins. BHM stendur reglulega fyrir fræðslu fyrir stjórnarfolk í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum.
 - BHM vill stuðla að almennri þekkingu félagsmanna á lífeyrismálum, sem og málefnalegri þjóðmálaumræðu og efla sérstaklega áhrif yngra fólks í málaflökknum.

Málefni stúdenta og Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Bandalag háskólamanna, heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði, stendur vörð um hagsmuni háskólafélks allt frá námsárum.

- Stefna BHM í málefnum stúdenta er að tryggja sameiginlegan samráðsvettvang háskólafélks og hvetja til öflugra samskipta milli hagsmunafélaga háskólanema og bandalagsins. Í því skyni hvetur BHM til þess að háskólanemar eigi sem víðast aðgang að aðildarfélögum bandalagsins.
- BHM skal veita nýútskrifuðu háskólafélki á vinnumarkaði fræðslu og stuðning við upphaf starfsævinnar í málefnum er lúta að kjara-, réttinda- og vinnumarkaðsmálum.
- BHM skal stuðla að eflingu nýsköpunar á vinnumarkaði í því skyni að breikka starfsvettvang háskólamenntaðra og gera þeim kleift að nýta menntun sína sem best.

LÍN

Það er markmið bandalagsins að námslán og/eða námsstyrkir tryggi jafnrétti til náms og námsvals.

- BHM stefnir að því að eiga fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
- Brýnt er að greiðslubyrði námslána verði létt, endurgreiðslukerfi einfaldað og að hugað verði að námsstyrkjakerfi í tengslum við námslán.

- Endurskoða þarf skörun lána vegna náms við styrki vegna barna og/eða húsnæðis.
- BHM leggur áherslu á að skuldir vegna námslána séu jafnan metnar til jafns við aðrar skuldir heimila þegar mótaðar eru aðgerðir til að létta skuldir landsmanna.

Samvinna aðildarfélaga Bandalags Háskólamanna

Styrkur BHM liggur að miklu leyti í krafti, deiglu og samstöðu sem felst í bandalagi sem er stærra en summa þeirra félaga sem mynda það.

Sá fjöldi ólíkra hópa háskólamenntaðra sem eiga aðild að BHM gerir það að verkum að þar koma saman fjölbreytt þekking og færni sem unnt er að miðla milli félaga og sem nýtist vel, ekki síst í kjarabaráttu.

Bæði í félögunum og í bandalaginu sjálfu, hefur safnast saman mikil og hagnýt reynsla sem allir hafa aðgang að, ekki síst sú reynsla og þekking sem býr í starfsfólki bandalagsins. Um helmingur félaga hefur skrifstofuhúsnæði í höfuðstöðvum BHM og er það mjög til að efla samstarfið.

- Stefnt er að því að nýta enn betur þann styrk og þá fjölpættu þekkingu sem býr í bandalaginu til að treysta tengsl við háskóla og háskólamenntun í landinu, laða háskólanema til samstarfs og efla ásýnd og rödd bandalagsins á opinberum vettvangi.
- Nánari samvinna milli félaganna vinnur gegn atgervisþurrð sem getur leitt af hröðum útskiptum í forystusveit aðildarfélaganna.
- Brýnt er að veita félögum innan samtakanna stuðning við að virkja félagsmenn til þátttöku í félagsstarfi.
- Skýr verkaskipting þarf að liggja fyrir varðandi hvaða þjónustu félagsmenn sækja annars vegar til félags síns og hins vegar bandalagsins, samanber lög bandalagsins þar að lútandi.

Ýmis mál

Faghópar félagsins eru orðnir fimm talsins þ.e. grunnskólahópur, leikskólahópur, dagþjónustuhópur, búsetuþjónustuhópur og hópur þroskaþjálfar sem starfa í félagsþjónustu. Mikilvægt er að efla faghópa félagsins og fagvitund félagsmanna. Þessir hópar hafa haldið nokkra fundi á árinu. Nú í apríl funduðu nokkrir þroskaþjálfar með það að markmiði að stofna faghóp um fyrir þroskaþjálfar sem vinna með fólk með samþætta sjón-og heyrnarskerðingu.

Búsetuhópur - Markmið

Miðla reynslu, fagþekkingu og jafnframt að styrkja þroskaþjálfar faglega.

Félagsþjónustuhópur

Miðla reynslu, fagþekkingu og jafnframt að styrkja þroskaþjálfar faglega.

Dagþjónustuhópur - Markmið

Sameina reynslu, fagþekkingu og styrkja þroskaþjálfar faglega. Miðla upplýsingum á milli, fara í heimsóknir milli staða.

Leikskólahópur - Markmið

Miðla þekkingu, sækja í reynslubanka annarra þroskaþjálfar á sama starfsvettvangi.

Grunnskólahópur - Markmið

Miðla reynslu, fagþekkingu og jafnframt að styrkja þroskaþjálfar faglega.

Framhaldsskólahópur - Markmið

Miðla reynslu, fagþekkingu og jafnframt að styrkja þroskaþjálfra faglega.

ÞÍ er með tvo sjóði sem félagsmenn geta sótt um í þeir eru **Fag- og fræðslusjóður Þroskaþjálfafélags Íslands og Vísindasjóður**.

Markmið Fag- og fræðslusjóðs er að auka tækifæri félagsmanna ÞÍ til að efla og bæta fagkunnáttu meðal annars í framhaldsnámi og starfstengdum þróunarverkefnum.

Vísindasjóður Þroskaþjálfafélags Íslands er í dag fyrir þroskaþjálfra sem starfa annars staðar en hjá Ríkinu og vinnuveitandi greiðir fyrir í sjóðinn. Umsóknir þeirra sem rétt hafa um styrk úr sjóðnum skulu sækja um fyrir miðnætti 15. maí. Úthlutað verður eigi síðar en 1. júní. Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu félagsins www.throska.is

Mikilvægt er að þroskaþjálfar kynni störf sín og séu sýnilegir með blaðaskrifum og rannsóknnum. Efla þarf fagvitund og frumkvæði þroskaþjálfra. Þroskaþjálfar eru fagmenn, lykilaðilar í þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Þroskaþjálfar eiga að vera leiðandi afl gagnvart útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og umfram allt sterk fagstétt með skýr markmið.

Að lokum er öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Reykjavík 17. apríl 2013

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2012

Gjaldkeri vann náíð með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2012. Hann hefur átt reglulegt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Rekstraráætlun á félagasjóði fyrir árið 2012 var upp á kr.: 32.503.850.- Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: 6.842.579.- eftir fjármagnsliði árið 2012.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra og endurskoðanda við endurskoðun og ársuppgjör.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Valborg Helgadóttir

Gjaldkeri

Áritun stjórnar

Stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012.

Reykjavík, 8 / 4 2013

Laufey E. Gissurard

Sigríður Rut Hilmarsson Valtberg Melgadóttir

Kristín J. Sigurjónsdóttir Dibecke Þorbjörnsdóttir

12. apríl 2013

Skodunarmenn :

Pósthildur Góndardóttir
Johanna Margrét Arnad.

Rekstrarreikningur ársins 2012, félagssjóður

	2012	2011
Rekstrartekjur:		
Stéttarfélagsgjöld.....	34.102.140	31.016.809
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	(51.955)	8.140
Aðrar tekjur.....	1.430.000	120.000
	<u>35.480.185</u>	<u>31.144.949</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	2 15.276.195	15.684.420
Húsnæðiskostnaður.....	3 1.651.400	1.611.094
Annar kostnaður.....	4 12.151.321	9.606.775
	<u>29.078.916</u>	<u>26.902.289</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagns- og fjármunaliði.....	<u>6.401.269</u>	<u>4.242.660</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur.....	685.359	382.259
Vextir og bankakostnaður.....	(244.049)	(174.846)
	<u>441.310</u>	<u>207.413</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>6.842.579</u>	<u>4.450.073</u>

Efnahagsreikningur

	2012	2011
Eignir:		
Hlutir í öðrum félögum:		
Húsfélag BHM sf. 8,92%	<u>14.597.133</u>	<u>14.649.088</u>
Veltufjármunir:		
Útistandandi skuldir.....	2.895.237	4.547.605
Bankareikningar.....	<u>26.167.634</u>	<u>17.468.852</u>
	<u>29.062.871</u>	<u>22.016.457</u>
Eignir alls:	<u><u>43.660.004</u></u>	<u><u>36.665.545</u></u>

31. desember 2012, félagssjóður

	2012	2011
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé.....	<u>42.925.928</u>	<u>36.083.349</u>
 Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir.....	8.400	551.739
Ógreidd launatengd gjöld.....	<u>725.676</u>	<u>30.457</u>
	<u>734.076</u>	<u>582.196</u>
 Skuldir og eigið fé alls:	<u><u>43.660.004</u></u>	<u><u>36.665.545</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir.

Sömu reikningsskilaaðferðum er fylgt og árið áður.

	2012	2011
2. Laun og tengd gjöld.		
Launagreiðslur.....	12.458.876	12.592.333
Launatengd gjöld.....	2.817.319	3.092.087
	<u>15.276.195</u>	<u>15.684.420</u>

3. Húsnæðiskostnaður.

Húsnæði Borgartún 6.....	1.651.400	1.611.094
	<u>1.651.400</u>	<u>1.611.094</u>

3. Annar kostnaður

Ferðakostnaður utanlands.....	1.024.317	601.486
Bílastyrkir.....	173.260	281.004
Námskeið.....	27.000	313.057
Veitingar og gestamóttaka.....	124.009	115.328
Fundir og ráðstefnur innanlands - endurgreitt.....	738.040	322.040
Ráð og nefndir.....	434.827	1.441.553
Gjaldfærður búnaður.....	125.264	221.289
Póstur og sími.....	261.785	322.386
Ritföng, prentun, auglýsingar, tölvukostnaður.....	1.676.915	1.505.779
Sérfræðiaðstoð.....	399.404	983.700
Ritun sögu félagsins.....	2.000.000	
Framlag í fræðslusjóð.....	1.000.000	
Félagsgjöld BHM.....	4.121.972	3.402.075
Félagsgjöld önnur og styrkir.....	5.000	40.000
Annar kostnaður.....	39.528	57.078
	<u>12.151.321</u>	<u>9.606.775</u>

3. Eigið fé.

Frá fyrra tímabili.....	36.083.349	31.633.276
Rekstrarhagnaður.....	6.842.579	4.450.073
	<u>42.925.928</u>	<u>36.083.349</u>

Vísindasjóður

Rekstur árið 2011.	2012	2011
Tekjur:		
Vísindasjóðsframlög.....	31.978.777	23.808.151
Fræðslusjóðsstyrkur frá ÞÍ.....	1.000.000	
Vaxtatekjur.....	1.297.247	907.342
	<u>34.276.024</u>	<u>24.715.493</u>
Gjöld:		
Vísindastyrkir.....	29.838.400	17.550.215
Vísindastyrkir úr B hluta.....	164.078	
Kostnaður vegna úthlutunar o.fl.....	51.476	94.936
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	363.224	181.457
	<u>30.417.178</u>	<u>17.826.608</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>3.858.846</u>	<u>6.888.885</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012.

Eignir:

Félagssjóður.....		283.750
Útistandandi vísindasjóðsgjöld.....	3.332.403	4.296.674
Bankareikningar.....	33.890.732	28.783.865
	<u>37.223.135</u>	<u>33.364.289</u>

Eigið fé:

Frá fyrra ári.....	33.364.289	26.475.404
Rekstrarhagnaður ársins.....	3.858.846	6.888.885
	<u>37.223.135</u>	<u>33.364.289</u>

Vinnudeilusjóður

Rekstur árið 2011.	2012	2011
Tekjur:		
Vaxtatekjur.....	<u>776.263</u>	<u>620.435</u>
Gjöld:		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	<u>283.142</u>	<u>124.083</u>
	<u>283.142</u>	<u>124.083</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u><u>493.121</u></u>	<u><u>496.352</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012.

Eignir:		
Bankareikningar.....	<u>21.742.819</u>	<u>21.249.678</u>
	<u><u>21.742.819</u></u>	<u><u>21.249.678</u></u>
Eigið fé:		
Frá fyrra ári.....	21.249.698	20.753.346
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>493.121</u>	<u>496.352</u>
	<u><u>21.742.819</u></u>	<u><u>21.249.698</u></u>

Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2012-2013.

Trúnaðarmannaráð skipa 26 fulltrúar ásamt stjórn.

Trúnaðarmannaráðsfundir á starfsárinu voru 4 talsins og voru haldnir í maí, september, nóvember og febrúar. Fundirnir voru allir nokkuð vel sóttir, voru vel skipulagðir af formanni og skilvirkir.

Umræðuefni hvers fundar voru eðli málsins samkvæmt nokkuð svipuð að mestu leiti. Á hverjum fundi gafst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða ýmis mál tengdum sínum svæðum og vinnustöðum. Gjarnan mál sem deilur höfðu staðið um eða valdið vangaveltum varðandi útfærslu út frá túlkun kjarasamninga. Formaður upplýsti á hverjum fundi um stöðu mála varðandi kjarasamningana og nýafstaðna starfsmatsfundi. Kjarakönnun BHM kom einnig nokkuð við sögu og trúnaðarmenn sérstaklega hvattir að hvetja fólk á sínum stöðum að svara henni.

Kynningar voru fengnar um Starfsþróunarsetur háskólamanna, starfsmenntunarsjóð BHM og styrktarsjóð BHM. Afar brýnt hverjum trúnaðarmanni að vera vel meðvitaðir um sjóði BHM og fyrir hvað þeir standa. Heimasíða BHM var einnig rædd í vetur og trúnaðarmönnum sýnt hvar mætti nálgast efni á henni. Að sama skapi voru fræðslufundir BHM og ÞÍ sérstaklega kynntir á fyrri fundum starfsársins.

Ný Reglugerð um störf og starfsvettvang þroskaþjálfara kom nokkrum sinnum við sögu þetta starfsárið og var trúnaðarmannaráðið virkjað varðandi umsögn ÞÍ varðandi hana.

Allir trúnaðarmenn voru virkjaðir í hópavinnu á tveimur fundanna. Gott að nota hópavinnu til að brjóta upp fundina og tryggja að rödd allra heyrir. Öryggi, slys og önnur atvik voru rædd í hópavinnu sem og hugmyndavinna varðandi komandi kjarasamningsgerð.

Trúnaðarmannaráðið hefur alltaf nóg á sinni könnu og mun næsta starfsár fela í sér mikla vinnu þar sem kjarasamningar munu losna eftir næstu áramót. Það verður nóg að gera og mikilvægt að trúnaðarmenn verði enn virkari og enn gagnrýnni á komandi ári enda mikið í húfi fyrir alla félagsmenn ÞÍ þegar kjarasamningsgerð er í gangi og þá er einnig sérlega mikilvægt að stóra samninganefndin, þ.e. trúnaðarmannaráð ÞÍ, haldi áfram að vera vel skipuð, verði full skipuð og standi þétt saman.

F.h. Trúnaðarmannaráðs

Sigríður Rut Hilmarsdóttir, varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2012-2013

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í laganefnd voru:

S. Katrín Eyjólfsdóttir formaður

Guðlaug Valgeirsdóttir

Oddrún Ólafsdóttir

Ólafur Garðar Rósinkarsson

Í haust boðaði stjórn ÞÍ nefndarmenn á almennan fund þar sem skipt var niður hlutverkum og komandi starfsár rætt. Laganefnd hittist í janúar og fór yfir þær tillögur sem bárust frá stjórn ÞÍ um lagabreytingar fyrir aðalfund. Einnig var unnið að verklagsreglum laganefndar. Samskipti fóru aðallega fram í rafrænu formi fyrir utan þetta eina skipti sem nefndin kom saman til að

vinna að breytingum. Á komandi starfsári verða breytingar á fulltrúum laganeftndar, S.Katrín Eyjólfsdóttir gefur ekki kost á sér á nýju kjörtímabili og verður nýr fulltrúi fenginn í staðinn. Með kveðju f.h laganeftndar
S.Katrín Eyjólfsdóttir og Guðlaug Valgeirsdóttir

Skýrsla fagráðs ÞÍ starfsárið 2012 – 2013

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í fagráði 2012 - 2013 voru:

Salóme Anna Þórisdóttir, formaður

Ingibjörg Jóhannsdóttir, ritari

Bjarnhildur Ólafsdóttir

Elva Ólafsdóttir

Hildur Jónína Þórisdóttir

Hrefna Þórarinsdóttir

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir

Kristín Sigurjónsdóttir var tengiliður stjórnar við fagráð.

Hlutverk fagráðs ÞÍ er samkvæmt 11. gr. laga félagsins að vinna að menntamálum þroskaþjálfara, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.

Fagráð fundaði nokkuð reglulega á árinu. Reynt var að hafa fundi á þriggja vikna fresti. Nokkrum vankvæðum var fyrir fagráðskonur að mæta á fundi vegna aðstæðna á vinnustöðum þeirra. Auk hefðbundinna fagráðsfunda var fundað mjög reglulega með fulltrúum stjórnar og síðanefndar við undirbúning starfsdaga ÞÍ í janúar. Fagráð tók auk þess þátt í að rýna boðaðar lagabreytingar frá Alþingi.

Þann 3. maí s.l. stóð fagráð fyrir fræðslufundi um þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þar var efni málþings ÞÍ 2012 fylgt eftir með því að leita árangursríkra leiða og lausna fyrir börn. Á fundinum voru flutt erindi um þjónustu utan skóla og frítímaþjónustu s.s. skammtímadvöl og hvernig NPA geti nýst þessum hópi.

Fagráð lagði til að starfsdagar 2013 yrðu helgaðir síðareglum félagsins. Stjórn ÞÍ samþykkti það. Í samráði við stjórn ÞÍ og Síðanefnd var haldin fyrirlestraröð á haustönn til undirbúnings starfsdaganna. Þar hélt Ástríður Stefánsdóttir þrjá fyrirlestra um hlutverk fagstétta og síðareglna.

Starfsdagarnir voru síðan haldnir í lok janúar og þóttust takast mjög vel. Í framhaldi af starfsdögunum eru aðilar úr fagráði ásamt fulltrúum síðanefndar, formanni og framkvæmdastjóra ÞÍ að vinna úr niðurstöðum starfsdaganna þar sem megin áhersla er á að endurskoða núgildandi síðareglur.

Fagráð beindi því til stjórnar ÞÍ að halda málþing/ráðstefnur annars vegar um ný lög um réttindagæslu og hins vegar um þróun búsetuþjónustu fatlaðs fólks. Niðurstaðan varð að ÞÍ ásamt, Rannsóknarstofu í Þroskaþjálfarafræðum hélt málstofu um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk þann 14. nóvember s.l. Þann 1. mars var síðan haldið afar velheppnað málþing í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Samband íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni Heimili meira en hús.

Þann 10. apríl heldur Guðný María Hreiðarsdóttir erindi á fræðslufundi sem nefnist *Hvað er nám án aðgreiningar* eða Inclusive Education.

Bjarnhildur Ólafsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir og Sigurbjörg G. Friðriksdóttir hafa ekki gefið kost á sér til áframhaldandi starfa með fagraði. Þeim er þakkað gott samstarf.

Reykjavík 9. apríl 2013

f.h. fagraðs, Salóme Anna Þórisdóttir formaður

Skýrsla útgáfuráðs 2012-2013

Í útgáfuráði 2012-2013 hafa starfað:

Auður Kvaran,

Halldóra Kolka Ísberg,

Helga Elísabet Guðlaugsdóttir,

Kristrún Sigurjónsdóttir

auk þess Guðrún V. Stefánsdóttir tilnefnd af rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum.

Helga Elísabet Guðlaugsdóttir hættir störfum nú í vor og eru henni þökkuð ómetanleg störf undanfarin ár.

Fundir útgáfuráðs á árinu hafa verið 8. Ráðið skipti með sér verkum á fyrsta fundi og tók Halldóra að sér að vera ritari og Kristrún að vera formaður ráðsins og ritstjóri Þroskaþjálfans. Eins og stundum áður hefur útgáfuráð ekki verið fullskipað. En góður kjarni hefur sinnt starfinu.

Eins og undanfarin ár hefur mesta vinnan falist í að afla efnis fyrir Þroskaþjálfann og fullvinna efnið fyrir prentun blaðsins. Stefnt er að því að blaðið komi út í lok maí eða byrjun júní. Þetta árið hefur gengið óvenju erfiðlega að afla efnis og verður sú spurning æ áleitnari hvort rétt sé að standa í blaðaútgáfu á vegum félagsins ef félagsmenn treysta sér ekki til að skrifa í blaðið. Kostnaður er talsverður og því þarf efni blaðsins að standa undir væntingum.

En þetta árið vonumst við til að ein ritrýnd grein birtist í blaðinu og er það ánægjuleg nýjung. Það er hins vegar ljóst kærur þroskaþjálfar að við verðum öll að taka okkur á og vera duglegri að miðla þekkingu okkar og skrifa greinar. Það er heldur ekki slæmt að setja það á ferilskrá sína að hafa ritað greinar í mikilvægt tímarit.

f.h. Útgáfuráðs,

Kristrún Sigurjónsdóttir

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2012-2013

Siðanefnd hefur fundað fimm sinnum frá aðalfundi 2012. Eitt erindi barst nefndinni til umfjöllunar á þessu tímabili.

Eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum siðanefndar var það skoðun nefndarinnar að þörf hafi verið á endurskoðun á starfsreglum nefndarinnar. Siðanefndin hóf þessa vinnu s.l. vor og fékk til aðstoðar varamenn nefndarinnar. Hittist hópurinn nokkrum sinnum út af þessari vinnu og lauk endurskoðun starfsreglan síðla sumars. Við tók svo undirbúningur að starfsdögum þroskaþjálfar þar sem megin þema voru siðareglur þroskaþjálfar. Hittust siðanefnd og fagrað reglulega allan veturinn fram að starfsdögum ásamt formanni og framkvæmdastjóra ÞÍ. Telst

okkur til að þessi skipti hafi verið a.m.k. 11. Tókust starfsdagarnir vel og hefur siðanefnd ásamt fagráði hist tvisvar til að fara yfir og vinna úr athugasemdum og tillögum frá starfsdögum. Stutt samantekt af umræðunni frá starfsdögunum og hugmyndir að nýrri útfærslu siðareglna proskapjálfa verður kynnt á aðalfundi ÞÍ 2013.

Árni Már Björnsson
Signý Þórðardóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2012-2013

Í stjórn Vísindasjóðs sitja: Valborg Helgadóttir gjaldkeri, Þórunna Halldórsdóttir ritari, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi, Sigurður Sigurðsson meðstjórnandi og Guðbjörg Björnsdóttir formaður.

Haldinn var einn fundur vegna úthlutunar úr Vísindasjóði. Framkvæmdastjóri vann úr niðurstöðum stjórnar og gekk frá greiðslum til styrkþega.

Fyrir árið 2012 bárust 405 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr.29.838.400 og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli). Ein umsókn barst í Fag- og fræðslusjóð 2011 og var hún samþykkt styrkhæf. Styrkurinn er samtals krónur 328.156 og greiddur var fyrri helmingur á árinu 2012 samkvæmt reglum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins lagði fyrir stjórn félagsins að færa dagsetningu á umsóknarfresti frá 1. ágúst með styrkgreiðslu fyrir 1. október yfir í umsóknarfrest til 15. maí og greiðslu fyrir í 1. júní. Þetta var gert til að mæta betur óskum félagsmanna.

f. h. Vísindasjóðsstjórnar
Guðbjörg Björnsdóttir.

Stjórn PÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2013-2015
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2012-2014)	
Sigríður Rut Hilmarisdóttir	varaformaður	(2011-2013)	Halldóra Jóhannesdóttir Sanko
Valborg Helgadóttir	meðstjórnandi	(2011-2013)	Jón Þorsteinn Sigurðsson
Kristín Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi	(2012-2014)	
Friðþór Ingason	meðstjórnandi	(2012-2013)	Steinunn Jónsdóttir ¹
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	meðstjórnandi	(2012-2014)	
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	meðstjórnandi	(2011-2013)	Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir

Útgáfuráð

Auður Kvaran		(2012-2014)	
Halldóra Kolka Ísberg		(2012-2014)	
Helga Elísabet Guðlaugsdóttir		(2011-2013)	Herdís Ingibjörg Svansdóttir
Kristrún Sigurjónsdóttir		(2011-2013)	Kristrún Sigurjónsdóttir
Kristbjörg Hjaltadóttir		(2012-2014)	Guðrún Guðmundsdóttir ²
Sigurborg Örvardsdóttir		(2011-2013)	Þorvaldur Heiðar Guðmundsson
Guðrún Stefánsdóttir	Rannsóknarst. þroskaþjálfafi		Guðrún Stefánsdóttir

Fagráð

Bjarnhildur Ólafsdóttir		(2011-2013)	Arne Friðrik Karlsson
Elva Ösp Ólafsdóttir		(2012-2014)	
Salóme Þórisdóttir		(2012-2014)	
Hrefna Þórarinsdóttir		(2011-2013)	Einar Þór Jónsson
Sigurbjörg G. Friðriksdóttir		(2011-2013)	Sigurbjörg G Friðriksdóttir
Ingibjörg E. Jóhannesdóttir		(2010-2014)	
Hildur Þórisdóttir		(2010-2014)	

¹ Kosin til eins árs

² Kosin til eins árs

Laganefnd

Ólafur Garðar Rósinkarsson		(2011-2013)	Ólafur Garðar Rósinkarsson
S. Katrín Eyjólfsdóttir		(2011-2013)	Ingunn Rán Kristinsdóttir
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2012-2014)	
Sigríður Jónsdóttir		(2011-2013)	Laufey Birna Tryggvadóttir
Oddrún Ólafsdóttir		(2012-2014)	

Kjörnefnd

Þóroddur Þórarinsson		(2011-2013)	Sigríður Rut Hilmarisdóttir
Þórdís Marteinsdóttir		(2011-2013)	Valborg Helgadóttir
Rakel Ósk Eckard		(2011-2013)	Katrín Sigursteinsdóttir
Harpa María Pedersen		(2012-2014)	
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir		(2012-2014)	

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Jóhanna Margrét Árnadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Þórunn Böðvarsdóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Signý Þórðardóttir (2012-2015)

Hrefna Sigurðardóttir (2013-2016)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2011-2014)

Varamenn

Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)

Friðrik Sigurðsson (2013-2016)

Árni Már Björnsson³ (2011-2014)

Fulltrúi ÞÍ í Landsamtökunum Þroskahjálpi verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar

³ Tilnefndur til 2 ára